

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Eyjardalsvirkjunar.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 25. mars 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi Eyjardalsvirkjunar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsbreytingin felur í sér heimild til þess að koma fyrir salernisaðstöðu í stöðvarhúsi virkjunarinnar og rotþró innan lóðarinnar.

Breyting á deiliskipulagi Eyjardalsvirkjunar hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugum, Þingeyjarsveit, 26. mars 2021.

Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2021